



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

40. ÁRG. 2. TBL. Aðventa og jól 2019



Seljakirkja í vetrarbúningi

**Kynnið ykkur
fjölbreytta dagskrá
um aðventu og jól í
Seljakirkju**

Boðberar kærleikans

Aðventan er tími englanna. Viða má sjá fallega upplýsta engla í gluggum og í skreytingum sem brosandir breiða út vængi sína. Þeir bera með sér bæði gleði og fögnuð, rétt eins og á jölunum fyrstu þegar himininn ljómaði af englum sem lofuðu Guð og sögðu: Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu með þeim mönnum sem hann hefur velþóknun á. Enn minna englarnir okkur á friðarboðskap helgra jóla og þeir breiða út blessun sína er þeir vekja með okkur gleði og tilhlökkun í desember. Englarnir eiga það til að birtast fyrirvaralaust inn í líf okkar og aðstæður þegar okkur er óvænt rétt hjálparhönd eða vinarþel. Því

englarnir eru einnig boðberar kærleikans, þeir vitna um kærleika Guðs til okkar og bera hann áfram hér á jörðu. Þegar aðventan gengur í garð er því ekki að undra þó englarnir í lífi okkar verði fyrirferðarmeiri en áður því nú fer í hönd sá tími þar sem kærleikurinn breiðir blessun sína yfir allt eins og nýfallinn jólansjór. Það er gott að gefa sér tíma til þess að njóta þannig alls þess sem aðventan ber með sér. Í kirkjunni er boðið upp á fjölbreytt helgihald allan desember þar sem eiga má helga stund og finna nærandi samfélag. Guð gefi þér og fjölskyldu þinni blessunarríka aðventu og gleðileg jól.

Bryndís Malla Elidóttir.

Fyrsti sunnudagur í aðventu: Aðventukvöld á hátíðlegum nótum

Á fyrsta sunnudegi í aðventu, 1. desember, verður barnaguðsþjónusta kl. 11, þar sem kveikt verður á spádómskertinu, sögð verður biblíusaga tengd jólum og barn verður borið til skírnar. Að kveldi dags, kl. 20, verður hefðbundið aðventukvöld með sínum hátíðlega blæ. Kór Seljakirkju syngur undir stjórn

Tómasar Guðna Eggertssonar og barnakórarnir syngja undir stjórn Rósalindar Gísladóttur. Ingigerður Guðmundsdóttir, formaður ÍR flytur hátíðarræðuna og í lok stundarinnar verður kveikt á aðventuljósunum í myrkvaðri kirkjunni. Kvöldinu lýkur síðan með heitu súkkulaði og smákökum.

Annar sunnudagur í aðventu: Seljurnar syngja í messu og hátíðartónleikar með Ragnheiði Gröndal

Annar sunnudagur aðventunnar, 8. desember, hefst með barnaguðsþjónustu þar sem kveikt verður á Betlehems-kertinu. Að venju verður guðsþjónusta kl. 14 þar sem sr. Bryndís Malla Elíadóttir predikar og Seljurnar, kór Kvenfélags Seljasóknar mun leiða safnaðarsönginn undir stjórn Svövu Kristína Ingólfssdóttur. Um kvöldið verða

hátíðartónleikar með söngkonunni Ragnheiði Gröndal sem mun syngja ljúfar aðventu- og jólaperlur við undirleik tónlistarstjórans Tómasar Guðna Eggertssonar. Tónleikarnir hefjast kl. 20 en það eru mikil heiðurshjón í hverfinu, sem eru velunnarar kirkjunnar sem bjóða safnaðarfólki og öðrum gestum ókeypis aðgang að tónleikunum.

Hvenær hefst starfið á nýju ári?

Hefðbundið safnaðarstarf fer í frí yfir hátíðarnar. En fljótlega á nýju ári fer allt í fastar skorður. Fyrsta barnaguðsþjónustan á

nýju ári verður haldin 12. janúar og í kjölfarið fara allir liðir safnaðarstarfsins í fullan gang.



Fréttir

Hér og nú í trú

Í vetur hefur verið boðið upp á núvitundastundir á miðvikudögum kl. 17:15-17:45. Sr. Bryndís Malla Elíadóttir leiðir stundirnar og kennir slökunaræfingar og bænaiðkun á kristnum grunni sem eflt getur núvitund og unnið gegn álagstengdum kvíða og streitu. Góður hópur sótti stundirnar og er áhugasömum bent á að fylgjast með auglýsingum um næsta námskeið á facebook síðu Seljakirkju.

Vegleg gjöf til líknarsjóðs kirkjunnar

Á haustmánuðum komu félagar í Lionsklúbbum Ægi færandi hendi í Seljakirkju með 300 þúsund króna framlag í líknarsjóð Seljakirkju. Þessir fjármunir koma sér vel, ekki síst nú fyrir jólin til að styðja við þá sem efnaminni eru. Lionsönnum er þakkað fyrir höfðinglega gjöf.

Nýr kirkjuvörður

Á haustmánuðum var Þórður Árnason ráðinn til starfa í kirkjuvörslu í Seljakirkju og tekur við af Guðrínu Þorgrímsdóttur sem lét af störfum síðastliðið vor. Eru henni þökkuð góð störf um leið og Þórður er boðinn velkominn til starfa.

Eitt „læk“

Dagskráin er fjölbreytt í Seljakirkju. Fylgstu með því sem framundan er í kirkjunni með því að setja "læk" á facebook síðu Seljakirkju www.facebook.com/seljakirkja

Syngjandi kirkja

Í Seljakirkju fer fram öflugt kórastarf. Þrír kórar eru starfandi við kirkjuna sem allir taka einhvern þátt í helgihaldinu fyrir jólin. Kirkjukór Seljakirkju er um þessar mundir einungis skipaður konum sem syngja við almennar guðspjónustur á sunnudögum undir stjórn Tómasar Guðna Eggertssonar organista. Barnakór kirkjunnar starfar í þremur aldursskiptum hópum en síðastliðið sumar fór elsti hópurinn í velheppnað söngferðalag til Ítalíu. Stjórnandi Barnakórsins er Rósalind Gísladóttir. Á miðvikudagskvöldum er kóræfing hjá Seljunum sem er öflugur kvennakór sem upphaflega var stofnaður af nokkrum konum úr Kvenfélagi Seljasóknar. Svava Ingólfssdóttir er stjórnandi kórsins sem heldur jafnan skemmtilega vortónleika auk þess að syngja í kirkjunni í desember. Allir kórarnir bjóða nýja kórfélaga velkomna og er söngelsku áhugafólki bent á að hafa samband við stjórnendur kóranna.

Þriðji sunnudagur í aðventu:

Jólaball í barnamessu og aðventutónar með Karlakórnum Fóstbræðrum

Dagskráin hefst með barnaguðspjónustu kl. 11, þar sem jólaguðspjallinu verður gerð góð skil um leið og söfnunarbaukum hjálparstarfsins verður skilað. Að lokinni stundinni í kirkjunni verður hið árlega jólaball haldið í safnaðarsalnum, þar sem dansað verður í kringum jólatréð og jólasveinar kíkja í heimsókn með góðar gjafir. Guðspjónusta verður með hefðbundnu sniði kl. 14. Þar

mun sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predika og Kór kirkjunnar leiða safnaðarsöng. Hinir árlegu aðventutónleikar karlakórsins Fóstbræðra verða kl 17. Kórinn syngur sem fyrr undir stjórn Árna Harðarsonar en einsöngvari að þessu sinni er Sigríður Ósk Kristjánsdóttir. Undirleikari er Tómas Guðni Eggertsson og sr. Bryndís Malla Elíadóttir flytur hugvekj. Enginn aðgangseyrir er á tónleikana.

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar

Sunnudaginn 1. desember næstkomandi hefst hin árlega jólasöfnun fyrir verkefni á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar í sveitum Úganda og Eþíópíu. Áhersla er lögð á að aðstoða fólk sem þar býr við mjög takmarkað aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu, húsaskjól og gefa þeim tækifæri til betri heilsu með verkfærum til akuryrkju og endurbættum fræjum til framleiðslu, bólusetningu dýra, þjálfun dýraliða o.fl. Jólasöfnunin verður með þeim hætti að sen er 2500 króna valgreiðslu í heimabanka landsmanna á aldrinum 30 – 80

ára. Einnig er bent á söfnunarsímann 907 2003 en með því að hringja í númerið leggur fólk til 2500 krónur sem bætast við á næsta símræikningi. Gjafabréfin fást á gjofsemgefur.is og svo er hægt að leggja inn framlag að eigin vali á framlag.is eða leggja inn á söfnunarreikning okkar 0334-26-50886, kt. 450670-0499. Gömlu góðu söfnunarbaukarnir verða afhentir í barnaguðspjónustu á fyrsta sunnudegi í aðventu og þeim skilað svo þriðja sunnudag í aðventu. Söfnunarbaukana má einnig fá á skrifstofu kirkjunnar.



Guðsþjónustur í Seljakirkju um jól og áramót

22. desember 4. sunnudagur í aðventu

kl. 14 Guðsþjónusta
Sr. Bryndís Malla Elíðóttir predikar.
Kór Seljakirkju syngur.

24. desember aðfangadagur jóla

kl. 11 Guðsþjónusta í Seljahlíð
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predikar.
Félagar úr Gerðubergskórnum syngja.

kl. 15 Beðið eftir jólunum
Jólastund fyrir börnin.
Barnakór Seljakirkju syngur undir stjórn Rósalindar Gísladóttur.

kl. 18 Aftansöngur
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predikar.
Schola Cantorum syngur.
Leikin verður jólatónlist frá kl. 17.30.

kl. 23:30 Miðnæturguðsþjónusta
Sr. Bryndís Malla Elíðóttir predikar.
Kór Seljakirkju syngur.
Ólafur Kjartan Sigurðarson syngur einsöng.

25. desember jóladagur

kl. 14 Hátíðarguðsþjónusta
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predikar.
Kór Seljakirkju syngur.

kl. 15.30 Guðsþjónusta í Skógarbæ
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predikar.

31. desember gamlársgangur

kl. 17 Aftansöngur (*athugið breyttan tíma*)
Sr. Bryndís Malla Elíðóttir predikar.
Kór Seljakirkju syngur

1. janúar nýársdagur

kl. 14 Guðsþjónusta - Altarisganga
Sr. Bryndís Malla Elíðóttir predikar.
Kór Seljakirkju syngur.

Kl. 15.30 Guðsþjónusta í Skógarbæ
Sr. Bryndís Malla Elíðóttir predikar.

5. janúar

kl. 14 Guðsþjónusta
Sr. Sighvatur Karlsson, héraðsprestur, predikar.
Kór Seljakirkju syngur.

Organisti við guðsþjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson

Nóttin var sú ágæt ein,
í allri veröld ljósið skein,
það er nú heimsins þrautarmein
að þekka' hann ei sem bæri.
:: Með vísnasöng ég vögguna þína hræri. ::

Í Betlehem var það barnið fætt,
sem best hefur andar sárin grætt,
svo hafa englar um það rætt
sem endurlausnarinn væri.
:: Með vísnasöng ég vögguna þína hræri. ::

Fjármenn hrepptu fögnuð þann,
þeir fundu bæði Guð og mann,
í lágan stall var lagður hann,
þó lausnarinn heimsins væri.
:: Með vísnasöng ég vögguna þína hræri. ::

Lofið og dýrð á himnum hátt
honum með englum syngjum þrátt,
friður á jörðu og fengin sátt,
fagni því menn sem bæri.
:: Með vísnasöng ég vögguna þína hræri. ::

Þér gjörni' eg ei rúm með grjót né tré,
gjarnan læt ég hitt í té,
vil ég mitt hjartað vaggan sé,
vertu nú hér, minn kæri.
:: Með vísnasöng ég vögguna þína hræri. ::

Umbúð verður engin hér
önnur en sú þú færðir mér,
hreina trúna að höfði þér
fyrir hægan koddann færi.
:: Með vísnasöng ég vögguna þína hræri. ::

Á þig breiðist elskan sæt,
af öllum huga' eg syndir græt,
fyrir iðran verður hún mjúk og mæt,
miður en þér þó bæri.
:: Með vísnasöng ég vögguna þína hræri. ::
Einar Sigurðsson



Safnaðartíðindi Seljasóknar
40. árg. 2. töl. Aðventa og jól 2019
Seljakirkja
Hagaseili 40, 109 Reykjavík. s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Forsíðumynd: Sr. Bryndís Malla Elíðóttir
Prentun: Svansprent.
Upplag: 3000 eintök.